

Skólaráðsfundur

3. desember 2014.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra og Birna fulltrúar kennara, Kári fulltrúi starfsmanna, Ingólfur form. foreldrafélagsins, Þróstur og Þóra fulltrúar foreldra, Dóra fulltrúi grenndarsamfélags og Arnaldur fulltrúi nemenda .

Örn sagði frá fundi sem hann , Ingólfur form. foreldrafélagsins og Jóhann í stjórn foreldraf. áttu með staðgengli framkv.stjóra grunnskólasviðs og öðrum aðilum frá borginni vegna viðhalds og framkvæmda á skólalóðinni okkar. Farið var yfir athugasemdir sem nemendur sendu inn sl.vor, ýmsar lagfæringar sem þar var bent á að þyrftu að eiga sér stað munu fara af stað strax, örlítið var byrjað í vor og í sumar var lítið gert.

Á lista sem gerður var fyrir 10 árum vorum við í 23 sæti í forgangi yfir umbætur og endurhönnun skv. stöðlum/viðmiðum sem farið var eftir. ekki mun því koma að okkur fyrr en í fyrsta lagi 2018, fjárframlög til verkefnisins hafa minnkað mikið.

Listinn verður endurmetin fljótlega. Það sama á við um ýmislegt viðhald á skólahúsnæði, fjármagn hefur minnkað og mikil forgangröðun í gangi.

Lóðin er einnig nýtt af frístundarheimulur og sem opið svæði í hverfinu, sem eru ekki mörg/stór í hverfinu. Nokkrar umræður urðu um þetta og almennt viðhald skólalóða í Vesturbæ s.s. boltavellir of fl.

Rætt um að bindast samtökum við aðra skóla um þrýsting á úrbætur og viðhald á lóðum og húsnæði.

Einnig rætt um nýbyggingar í hverfinu. aukningu barnafjölda og tilfærslu skólamarka.

Örn mun senda fyrirspurn m.a. um nemendaspá.

Ingólfur óskaði eftir umræðum um verkefni um vinfjölskyldur – model úr Vesturbæjarskóla, hittir stjórnendur í næstu viku.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir